

ATVINNULEYFI 1998.

Framkvæmd laga um atvinnuréttindi útlendinga á árinu 1998.

Frá 1. ágúst 1998 gefur Vinnumálastofnun út atvinnuleyfi í umboði félagsmálaráðuneytisins sbr. 3. gr. laga nr. 133/1994 um atvinnuréttindi útlendinga.

Flokkar atvinnuleyfa.

Samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, sem tóku gildi 1. janúar 1995 er atvinnuleyfum skipt í eftirfarandi flokka:

Tímabundið atvinnuleyfi: Leyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa.

Óbundið atvinnuleyfi: Leyfi veitt útlendingi til að vinna á Íslandi.
Atvinnuleyfi vegna námsdvalar og vístráðningar: Atvinnuleyfi erlendra námsmanna í íslenskum skólum eða vegna samninga um vist á heimili.
Atvinnuleyfi til bráðabirgða: Leyfi veitt atvinnurekanda til að ráða til bráðabirgða útlendinga einn eða fleiri að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
Atvinnurekstrarleyfi: Leyfi til að vinna sjálfstætt eða starfrækja fyrirtæki.

Skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis.

Helstu skilyrði þess að ráðherra sé heimilt að veita atvinnuleyfi er að finna í 7. gr. laganna.

Þau eru:

Að kunnáttumenn verði ekki fengnir innanlands, atvinnuvegi landsins skorti vinnuafli eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu.

Helstu þættir í stefnu sem fylgt var við veitingu atvinnuleyfa á árinu 1998.

Samráðsfundir um stefnumótun.

Samkvæmt 20. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga skal félagsmálaráðuneytið (Vinnumálastofnun frá 1998) árlega leita álits helstu samtaka atvinnurekenda og launafólks á stefnu sem fylgt er við veitingu atvinnuleyfa til ráðningar á útlendingum til starfa á Íslandi. Þetta hefur verið gert með sérstökum samráðsfundum í byrjun hvers árs. Auk helstu samtaka á vinnumarkaði hefur fulltrúum félagasamtaka nýbúa verið boðið að senda fulltrúa á fundina og einnig hafa fulltrúar stofnana sem tengjast málefnum útlendinga tekið þátt í fundunum.

Frá árinu 1992 til 1995 var umtalsvert atvinnuleysi á Íslandi og tiltölulega fá atvinnuleyfi gefin út á þeim árum. Síðan hefur atvinnuleysi hins vegar farið mjög minnkandi og er nú aðeins tæplega 3%. Hefur það haft í för með sér stóru aukna eftirspurn eftir erlendu vinnuafli sem endurspeglast í mikilli fjölgun atvinnuleyfa undanfarin þrjú ár.

Ný atvinnuleyfi.

Áður en nýtt atvinnuleyfi, sem veitt er atvinnurekanda, er gefið út kannar Vinnumálastofnun hvort umsækjandi hafi leitað eftir aðstoð svæðisvinnumiðlunar eftir vinnuafli. Nýtt atvinnuleyfi er ekki veitt fyrr en það liggur ljóst fyrir að Íslendingur sé ekki tiltækur til að gegna því starfi sem sótt hefur verið leyfi til að ráða útlending til að gegna. Fyrsta leyfi er ekki gefið út til lengri tíma en eins árs. Þess er krafist að ráðningarsamningur fylgi umsókn um atvinnuleyfi. Ef ástæða þykir til er þess einnig krafist að upplýsingar um húsnæðis- og fæðiskostnað komi fram í ráðningarsamningi. Umsóknum um nýtt atvinnuleyfi fyrir útlendinga sem komnir eru til landsins er synjað.

Undantekningar.

Í lögum er heimilt að veita atvinnuleyfi ef sérstakar ástæður mæla með leyfisveitingu. Sérstakar ástæður eru taldar t.d. fjölskylduástæður (maki íslenskur ríkisborgari) eða mannúðarsjónarmið.

Framlengingar á tímabundnum atvinnuleyfum.

Þegar veittum atvinnuleyfum er að öllu jöfnu framlengt. Kannað er hvort hlutaðeigandi atvinnurekandi hefur greitt lögboðin gjöld vegna starfsmannsins. Gildistími hefur verið lengstur tvö ár. Atvinnurekandi sem ekki fer að lögum eða fylgir ekki ákvæðum kjarasamninga getur búið við því að atvinnuleyfi verði ekki framlengt.

Óbundið atvinnuleyfi.

Útlendingur getur sótt um óbundið atvinnuleyfi hafi hann átt lögheimili á Íslandi samfelld í þrjú ár og öðlast ótímabundinn dvalarrétt hérlendis (sem að öllu jöfnu gerist eftir þrjú ár).

Atvinnurekstrarleyfi.

Að uppfylltum skilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum um atvinnuréttindi útlendinga, hafa ekki verið takmarkanir á veitingu atvinnurekstrarleyfa. Vinnumálastofnun hefur fylgst með því við framlengingu að greiðsla lögboðinna gjalda hafi farið fram.

Atvinnuleyfi vegna námsdvalar.

Að uppfylltum skilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum um atvinnuréttindi útlendinga hafa ekki verið takmarkanir á veita þeim atvinnuleyfi sem hér dveljast vegna náms við íslenska skóla.

Atvinnuleyfi vegna vistráðningar.

Að uppfylltum skilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum um atvinnuréttindi útlendinga hafa ekki verið takmarkanir á veitingu atvinnuleyfa vegna vistráðningar. Fylgst er með því að sá vistráðni sé slysa- og sjúkratryggður.

Yfirlit yfir veitingu Vinnumálastofnunar á atvinnuleyfum.

	1996	1997	1998
Ný tímabundin atvinnuleyfi	691	875	1307
Framlenging tímab. leyfa	325	465	662
Óbundin atvinnuleyfi	154	162	193
Atvinnurekstrarleyfi	4	6	1
Námsmannaleyfi	29	44	50
Au-pair	3	8	9
Samtals	1206	1560	2222

Þess skal getið að tölum Vinnumálastofnunar og Útlendingaeftirlitsins (sem einnig heldur skrá yfir veitt atvinnuleyfi) þarf ekki í öllum tilvikum að bera saman. Tölur Vinnumálastofnunar byggja á veittum leyfum. Tölur Útlendingaeftirlitsins veita upplýsingar um útlendinga sem raunverulega komu hingað til lands til að vinna. Eitthvað mun vera um það að útlendingar, sem Vinnumálastofnun hefur heimilað að vinna hérlandis, koma ekki til landsins.

Samkvæmt gögnum Vinnumálastofnunar voru veitt 691 ný tímabundin atvinnuleyfi á árinu 1996. Á árinu 1997 fjölgaði veitingum á nýjum atvinnuleyfum og urðu þær alls 875. Á síðastliðnu ári varð síðan umtalsverð aukning á útgáfu nýrra atvinnuleyfa en þá voru alls gefin út 1307 ný leyfi. Þetta endurspeglar þann uppgang í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar sem hófst árið 1995 og hefur skapað stóru aukna eftirspurn eftir erlendu vinnuafli. Til samanburðar má geta þess að árið 1994 voru veitt 324 ný atvinnuleyfi og 361 leyfi árið 1995.

Samtals voru 662 leyfi framlengd á árinu 1998 á móti 465 á árinu 1997 og 325 á árinu 1996.

Byrjað var að veita óbundin atvinnuleyfi árið 1995, en óbundið atvinnuleyfi er veitt útlendingi en ekki atvinnurekanda. Hægt er að sækja um slíkt leyfi þegar hlutaðeigandi útlendingur hefur öðlast ótímabundinn dvalarrétt hér á landi sem Útlendingaeftirlitið veitir að öllu jöfnu eftir þriggja ára samfellda dvöl á Íslandi. Reiknað var með að útgáfa á óbundnum leyfum yrði mikil fyrsta árið en síðar drægi úr eftirspurninni. Þetta hefur reynst rétt. Samtals voru veitt 401 óbundin atvinnuleyfi árið 1995, 154 á árinu 1996, 162 á árinu 1997 og 193 á árinu 1998.

Alls voru veitt 2222 atvinnuleyfi á árinu 1998. Árið 1997 voru samtals veitt 1560 atvinnuleyfi og á árinu 1996 1206. Hér er um að ræða verulega fjölgun á milli ára.

Erfitt er að bera saman tölur frá fyrri árum þar sem ekki var greint með tryggum hætti á milli nýrra leyfa og framlenginga og ennfremur vegna gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið 1. janúar 1994. Frá þeim tíma þarf ekki að sækja um atvinnuleyfi fyrir útlendinga sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjum samningsins um EES.

Frá hvaða ríkjum koma útlendingarnir?

Yfirlit yfir veitingu óbundinna atvinnuleyfa eftir ríkisfangi

	1996	1997	1998
Ástralir	1	1	1
Bandaríkjamenn	10	5	4
Búlgarar	0	2	3
Filippseyingar	21	23	24
Grænhöfðabúar	0	0	0
Júgóslavar	5	13	22
Kanadamenn	2	0	0
Kínverjar	6	6	4
Króatar	4	10	1
Ný-Sjálendingar	0	3	0
Pólverjar	25	27	46
Rússar	7	3	10
Slóvenar	1	0	0
Svisslendingar	4	0	1
Tailendingar	18	25	26
Aðrir	297	36	51
Samtals	401	154	193

Eins og undanfarin ár voru það ríkisborgarar í fjórum ríkjum sem skera sig úr að því er varðar óbundin atvinnuleyfi. Á árinu 1998 voru flest óbundin leyfi veitt Pólverjum eða alls 46 sem er umtalsverð aukning frá síðustu árum. Filippseyingum voru veitt 24 óbundin leyfi og Tailendingum 26. Enn fremur eru Júgóslavar hlutfallslega fjölmennir en þar er m.a. um að ræða flóttamenn sem fá óbundið leyfi skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 133/1994.

Tímabundin atvinnuleyfi eftir ríkisfangi

	Ný leyfi	Framleng.	Samtals	Ný leyfi	Framleng.	Samtals	Ný leyfi	Framleng.	Samtals
	1996	1996	1996	1997	1997	1997	1998	1998	1998
Bandaríkjamenn	62	13	75	59	11	70	95	8	103
Búlgarar	4	4	8	10	4	14	13	10	23
Filippseyingar	60	42	102	59	42	101	76	48	124
Júgóslavar	18	6	24	40	5	45	101	21	122
Kanadamenn	17	5	22	8	3	11	18	2	20
Kínverjar	15	9	24	17	8	25	24	10	34
Litháar	9	0	9	14	1	15	23	7	30
Marokkóbúar	9	8	17	10	5	15	7	3	17
Ný-Sjálendingar	5	1	6	3	1	4	10	5	15
Pólverjar	271	124	395	378	264	642	446	388	834
Rúmenar	9	5	14	2	4	6	8	1	9
Rússar	24	11	35	25	8	33	75	19	94
Slóvenar	4	0	4	9	4	13	0	1	1
Tékkar	6	2	8	2	5	7	6	1	7
Tailendingar	33	13	46	51	23	74	102	36	138
Ungverjar	7	3	10	4	3	7	4	3	7
Víetnamar	4	3	7	13	3	16	19	9	28
Aðrir	134	76	210	171	71	242	280	90	363
Samtals	691	325	1016	875	465	1340	1307	662	1969

Ríkisborgarar sömu ríkja og áður er getið skera sig einnig úr að því er varðar tímabundin atvinnuleyfi. Pólverjar hafa algjöra sérstöðu eins og undanfarin ár. Á árinu 1998 var í samtals 834 tilvikum veitt leyfi til að ráða Pólverja til vinnu hér á landi á móti 642 tilvikum árið 1997. Heimild var veitt til að ráða Filippseyinga í 124 tilvikum, Bandaríkjamenn í 103 og Tailendinga í 138 tilvikum.

Starfsgreinar sem útlendingar eru helst ráðnir til. (ný atvinnuleyfi)

	1996	1997	1998
Fiskvinnsla	312	401	756
Heimilishjálp	15	17	15
Málmiðnaðarmenn	48	41	58
Verslun og þjónusta	29	75	57
Þjálfarar og leikmenn	42	65	55

Yfirlitið yfir starfsgreinar þar sem útlendingar voru helst ráðnir til starfa endurspeglar mikla vinnuafliþörf í fiskvinnslu á árunum 1996 til 1998 sem ekki hefur tekist að bregðast við með innlendu vinnuafli enda atvinnuleysi með allra minnsta móti. Á síðasta ári var atvinnurekendum í fiskvinnslu heimilað í 756 tilvikum að ráða til sín nýja erlenda starfsmenn sem komu frá ríkjum utan evrópska efnahagssvæðisins. Hér er um að ræða mjög mikla aukningu þegar haft er í huga að á árinu 1996 voru veitt 312 slík leyfi og aðeins 130 árið 1995.

Að öðru leyti hafa ekki orðið miklar breytingar á milli starfsgreina nema að því er varðar atvinnuleyfi vegna þjálfara og leikmanna með íþróttaliðum. Umsókn um þessi leyfi fjölgaði jafnt og þétt til ársins 1997 en þá voru gefin út 65 slík leyfi en fækkaði um 10 árið 1998. Á árinu 1996 voru þessi leyfi 42. 75 útlendingum var heimilað að starfa við það sem flokka má undir verslun og ýmiss konar þjónustu á hótelum og veitingahúsum árið 1997 en fækkar aftur á síðasta ári um 18.

Tekið skal fram að hér er ekki um óbyggjandi tölur að ræða þar sem stundum leikur vafi á hvar flokka skuli tiltekin störf en þær gefa góða vísbendingu um það í hvaða starfsgreinum helst er leitað eftir útlendingum til starfa.

Synjanir.

Gerðar eru meiri kröfur að því er varðar leit að innlendum starfsmönnum en fyrst var gert eftir gildistöku laganna um atvinnuréttindi útlendinga. Er það í samræmi við það skilyrði laganna fyrir veitingu atvinnuleyfis að kunnáttumenn verði ekki fengnir innan lands og atvinnuvegi landsins skorti vinnuafli. Frá 1. júlí 1997 hefur þeirri reglu verið fylgt að Vinnumálastofnun kannar áður en nýtt atvinnuleyfi er veitt, hvort Íslendingi hafi staðið til boða að sækja um það starf sem fyrirhugað er að útlendingur gegni. Komi í ljós að starfið hafi ekki verið tilkynnt til svæðisvinnumiðlunar eða ef svæðisvinnumiðlun telur ljóst að hægt sé að manna það starf sem um ræðir, er umsókn synjað nema gild rök séu fyrir veitingu leyfis. Hertar reglur að þessu leyti endurspeglast í fleiri synjunum á árinu 1997 um atvinnuleyfi en þær voru samtals 307. Þar af var einum atvinnurekanda synjað um leyfi til að ráða 239 útlendinga til landsins. Synjanir á árinu 1998 voru aftur á móti aðeins 116. Skýrist sú fækkun á milli ára fyrst og fremst af minnkandi atvinnuleysi.

Umsækjandi um atvinnuleyfi getur skotið afgreiðslu Vinnumálastofnunar á umsókn til félagsmálaráðuneytisins. Frestur til þess eru þrjú mánuðir frá dagsetningu tilkynningar um afgreiðslu.

Dreifing um landið

Skipting nýrra atvinnuleyfa eftir póstnúmerum

Póstnúmer	1996	1997	1998
100 Reykjavík	219	233	443
200 Kópavogur	16	32	42
210 Garðabær	7	12	26
220 Hafnarfjörður	25	44	64
230 Reykjanesbær	36	20	41
240 Grindavík	10	7	20
245 Sandgerði	6	2	13
250 Garður	12	5	58
300 Akranes	7	18	20
340 Stykkishólmur	7	24	31
350 Grundarfjörður	8	10	16
360 Hellissandur	4	9	13
400 Ísafjörður	14	13	36
410 Hnífsdalur	23	22	22
415 Bolungarvík	40	37	25
420 Súðavík	5	1	4
425 Flateyri	27	11	5
450 Patreksfjörður	7	5	10
460 Tálknafjörður	13	10	2
465 Bíldudalur	0	34	21
470 Þingeyri	1	13	41
600 Akureyri	35	44	16
625 Ólafsfjörður	6	9	1
630 Hrísey	2	0	0
675 Raufarhöfn	8	5	0
680 Þórshöfn	17	8	1
735 Eskifjörður	11	12	11
740 Neskaupsstaður	8	18	15
755 Stöðvarfjörður	14	11	4
760 Breiðdalsvík	0	0	7
780 Höfn	20	25	13
800 Selfoss	7	9	10
810 Hveragerði	8	3	8
900 Vestmannaeyjar	4	16	18
Aðrir staðir	64	153	250
Samtals	691	875	1307

Þegar ný atvinnuleyfi eru flokkuð eftir sveitarfélögum kemur í ljós að flestir útlendingar hafa verið ráðnir til starfa í Reykjavík. Hlutfallslega flestir sérhæfðir starfsmenn eru ráðnir þangað og dvelja þeir yfirleitt skemur en aðrir. Veiting atvinnuleyfa vegna sérhæfðra starfsmanna er því tíðari.

Fiskvinnslu- og útgerðarfyrtæki á Vesturlandi og á Vestfjörðum hafa fengið hlutfallslega flest leyfi til ráðningar á erlendum starfsmönnum. Benda má á Hnífsdal, Bolungarvík og Þingeyri í því samhengi. Fjölgun atvinnuleyfa til fyrirtækja á Ísafirði og Þingeyri vekja athygli.

1996 og 1997 varð aukning á veitingu atvinnuleyfa til fyrirtækja á Akureyri en þau sóttu einkum um leyfi til að ráða erlenda málmiðnaðarmenn til starfa við tímabundin verkefni. Á síðast liðnu ári voru aftur á móti aðeins veitt 16 ný atvinnuleyfi á Akureyri enda einna erfiðasta atvinnuástandið á Norðurlandi.

Framlenging atvinnuleyfa eftir póstnúmerum.

Póstnúmer	1996	1997	1998
100 Reykjavík	99	85	152
200 Kópavogur	11	16	13
210 Garðabær	7	3	4
220 Hafnarfjörður	12	14	30
230 Reykjanesbær	18	6	8
240 Grindavík	2	4	5
245 Sandgerði	1	4	0
250 Garður	4	20	21
300 Akranes	0	9	9
340 Stykkishólmur	2	4	4
350 Grundarfjörður	24	14	11
360 Hellissandur	6	11	14
400 Ísafjörður	3	18	24
410 Hnífsdalur	17	21	11
415 Bolungarvík	12	48	29
425 Flateyri	7	13	7
450 Patreksfjörður	1	8	16
460 Tálknafjörður	8	31	34
465 Bíldudalur	0	2	28
470 Þingeyri	5	17	42
600 Akureyri	6	3	3
625 Ólafsfjörður	1	5	10
630 Hrísey	4	4	0
675 Raufarhöfn	0	5	0
680 Þórshöfn	5	14	5
735 Eskifjörður	1	7	14
740 Neskaupstaður	11	12	19
755 Stöðvarfjörður	2	2	0
760 Breiðdalsvík	0	6	5
780 Höfn	1	10	15
800 Selfoss	2	0	4
810 Hveragerði	2	3	1
900 Vestmannaeyjar	3	8	4
Aðrir staðir	48	38	120
Samtals	325	465	662

Framlengd leyfi dreifast jafnan meira um landið. Fyrirtæki í stærstu sveitarfélögunum fá flestar framlengingar. Hafa fyrirtæki í Reykjavík fengið alls 152 atvinnuleyfi framlengd á árinu. Nokkur minni sveitarfélög skera sig úr hvað fjölda varðar. Til dæmis fengu fyrirtæki á Þingeyri 42 leyfi framlengd á árinu, fyrirtæki á Bíldudal 28 leyfi, Tálknafirði 34 leyfi, Bolungarvík 29 leyfi og fyrirtæki í Garði fengu 21 atvinnuleyfum framlengt.

Vinnumálastofnun

10. febrúar 1999.